



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Kópavogi, 6. nóvember 2023.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 71/1997 (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika), 225. mál á 154. löggjafarþingi, stjórnarfrumvarp.

Við er til tölvubréfs nefnda- og greiningarsviðs Alþingis frá 28. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Læknafélags Íslands (LÍ) um framangreint frumvarp. Um er að ræða stjórnarfrumvarp sem er endurflutt frá 153. löggjafarþingi. Beðið er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

Læknafélag Íslands (LÍ) hefur í þriggung sent umsagnir vegna þessa máls, tvisvar í samráðsgátt stjórnvalda, 22. ágúst 2022 og 12. mars 2023.¹ Þá sendi LÍ ítarlega umsögn til velferðarnefndar Alþingis 11. maí 2023.²

LÍ vísar til fundar með velferðarnefndar Alþingis 18. október sl. þar sem félagið fór vandlega yfir fyrri umsögn sína og áréttaði afstöðu sína til þessa máls. LÍ leyfir sér að áréttu enn einu sinni afstöðu sína til málsins:

1. LÍ styður að bætt verði við lög um heilbrigðisþjónustu ákvæði sem er að finna í 2. gr. frumvarpsins sem ný 37. gr. a. LÍ leggur hins vegar til að orðalag hennar verði í samræmi við þá tillögu sem félagið sendi í umsögn sinni 11. maí sl. og lýsir sig ósammála því orðalagi sem er á nýrri grein í frumvarpinu.
2. LÍ áréttar það sem fram kom í umsögninni frá 11. maí sl. að skoða þarf gildissvið laganna gagnvart innra eftirliti. LÍ telur að undanþiggja þurfi hér starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna, eins og ítarlega er farið yfir í fyrri umsögn, nema tryggt verði að sá kostnaðarauki sem þessu fylgir verði tryggður starfsstofunum.
3. LÍ leggur mikla áherslu á að næsta skref í þessum málum verði að sett verði á laggirnar sérstök rannsóknarnefnd alvarlegra atvika á sviði heilbrigðisþjónustu í stað þess að embætti landlæknis haldi áfram að sinna þessum málum. Eins og fulltrúar LÍ fóru vandlega yfir á fundi sínum með velferðarnefnd Alþingis hinn 18. október sl. þá er embætti landlæknis allt um kring í þessum málum:
 - a. Það tekur við tilkynningum um málín.
 - b. Það rannsakar málín og tekur ákvörðun um niðurstöðu hvers máls.
 - c. Það ákveður hvort stofna eigi eftirlitsmáls gagnvart heilbrigðisstarfsmanni vegna máls.
 - d. Það ákveður hvort heilbrigðisstarfsmanni skuli refsað vegna máls, þ.e. fá tilmæli, áminningu eða sæta leyfissviptingu.
4. Eins og farið var yfir á fundinum 18. október sl. telur LÍ þessa stjórnsýslu ekki samræmast nútíma vinnubrögðum í stjórnsýslu og bendir á að í engu nágrannalanda okkar er það sami aðilinn sem rannsakar mál og sem tekur ákvörðun um hvort mál eigi að leiða til afleiðinga fyrir heilbrigðisstarfsmann. LÍ veit ekki um neinn vettvang hér á landi þar sem stjórnsýslan

¹ Umsögn LÍ frá 22. ágúst 2022 má skoða hér: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3246](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3246)

Umsögn LÍ frá 12. mars 2023 má skoða hér: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3412](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3412)

² Umsögn LÍ frá 11. maí 2023 til velferðarnefndar má skoða hér: <https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-4691.pdf>.


er enn með þessum hætti þó þetta vinnulag hafi tíðkast víða áður, en alls staðar verið breytt, nema á þessu sviði.

5. Lí telur því að samþykka eigi í fyrirbyggjandi frumvarpi gagnvart því að bæta við refsíabyrgð heilbrigðisstofnana en þó með fyrirvara um þær breytingar á orðalagi nýrrar 37. gr. a sem félagið lagði til í fyrri umsögn frá 11. maí sl. Aðrar breytingar frumvarpsins eigi ekki að samþykka heldur fara í þá vinnu að koma upp nýju verklagi í þessum málum.

Þó margar þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu séu af hinu góða telur Lí að verði þær samþykktar þá muni það fyrst og fremst styrkja embætti landlæknis í því hlutverki sem félagið telur að taka eigi frá því. Það muni einnig tefja enn lengur að gerð verði sú grundvallarbreyting sem gera þarf vegna rannsókna alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu, sem er að flytja þau frá embætti landlæknis í hendur sjálfstæðrar rannsóknarnefndar.

Kjósi velferðarnefnd að mæla einnig með að aðrar breytingar sem frumvarpið leggur til verði gerðar þá áréttar Lí þær athugasemdir sem það gerði við einstakar greinar frumvarpsins í ítarlegri umsögn sinni frá 11. maí sl. Þær eiga jafnt við nú og þá.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands.



Steinunn Þórðardóttir, formaður.